

## 65. Fjórðungsþing Vestfirðinga – Leiðbeiningar um fjarfund og þátttöku

Fjórðungsþing að hausti verður vegna aðstæðna í þjóðfélaginu haldið í fjarfundi í þetta sinn 9. og 10. október. Dagskrá hefur verið send út og er á [vestfirdir.is](http://vestfirdir.is) ásamt öðrum gögnum þingsins.

Hér fyrir neðan eru nokkur atriði sem vert er að hafa í huga fyrir rafrænt Fjórðungsþing 2020:

### Kerfið og tæknileg mál:

- Fundakerfið Zoom verður notað fyrir fundinn.
- Tengill verður sendur á tölvupóst skráðra þátttakenda að morgni föstudags en jafnframt verður tengill á fundinn settur inn á svæði haustþings á vef Vestfjarðastofu og á facebook síðu Vestfjarðastofu.
- Tenglar vegna nefndarstarfa á laugardagsmorgun verða sendir út í lok dags á föstudag.
- Við biðjum alla að muna eftir að stilla á mute ef þeir eru ekki að tala.
- Mættu tímanlega og komdu þér vel fyrir. Best er að hver sé við sína tölvu og hafi heyrnartól við höndina.
- Við mælum með því að þú skráir þig með því að setja inn fullt nafn 10-15 mínútum áður en þingið hefst. Vinsamlega munið að skrá fullt nafn þannig að fundarstjóri geti séð hver biður um orðið í umræðum.
- Þú getur fylgst með ráðstefnunni í gegnum hvaða tæki sem er, í fartölvu, síma eða spjaldtölvu. Besta upplifunin fæst ef fylgst er með í tölvu
- Fundargestir verða í mynd þegar umræður standa yfir og við biðjum fólk að vera í mynd eins og kostur er á meðan á ráðstefnunni stendur.

### Tæknileg vandamál:

- Ef þú lendir í vandræðum við að skrá þig inn ekki hika við að senda póst á [diana@vestfirdir.is](mailto:diana@vestfirdir.is) eða [birna@vestfirdir.is](mailto:birna@vestfirdir.is) eða hringir í síma: 869-4209 (Birna) eða 869-1213 (Díana)
- Okkar fólk verður á vaktinni og svarar fyrirspurnum eins fljótt og auðið er.

### Dagskráin og þátttaka:

- Kynnið ykkur dagskrána og takið frá tíma í dagatalinu.
- Dagskráin stendur yfir frá 13:00-17:00 föstudaginn 9. okt og frá 9:00 – 13:00 laugardaginn 10. okt.
- Við vekjum athygli á að hægt er að rétta upp hönd í Zoom kerfinu og við biðjum fólk að nýta það þegar þingforseti opnar fyrir umræður. Fylgst verður með röð þeirra sem rétta upp hönd.
- Gert er ráð fyrir að fundastjóri gefi ca 10 mínútna hlé á hverjum klukkutíma.
- Ef þú ert með veika tengingu á þráðlausu neti þá mælum við með að þú tengir þig með netsnúru.
- Við munum senda sérstakar leiðbeiningar vegna kosninga og setja einnig inn á facebook síðuna sveitarstjórnarmenn.
- **Ályktanir, breytingatillögur og annað sem varðar efni fundarins skal berast skriflega og sendist á [fv@vestfirdir.is](mailto:fv@vestfirdir.is)**